

Ársskýrsla 2022

FRAMVEGIS

● ● ● ● Miðstöð símenntunar

Ársskýrsla 2022

@ Framvegis miðstöð símenntunar

Ábyrgðamaður Vigdís Þyri Ásmundsdóttir

Borgartún 20

105 Reykjavík

Sími 581 1900

Netfang framvegis@framvegis.is

Veffang www.framvegis.is

Efnisyfirlit

Ávarp stjórnarformanns	2
Inngangur framkvæmdastjóra	4
Stjórn Framvegis og skipurit	9
Fræðslustarfið 2022	11
Námskeið fyrir sjúkraliða	12
Námskeið	14
Gott að vita - fyrirlestrar og námskeiðaröð Sameykis	16
Námsleiðir framhaldsfræðslunnar	18
Nám er tækifæri	21
Náms- og starfsráðgjöf	22
Raunfærnimat	23
Árangursrík framþróun	25
Ársreikningur 2022	28

Ávarp stjórnarformanns



Árið 2022 var sannarlega ár framþróunar hjá Framvegis. Það gafst loks tækifæri til að horfa fram á við og hlúa að innra starfi eftir ár sem einkenndust af viðbrögðum við heimsfaraldri. Það er ljóst að framhaldsfræðslan stendur áfram frammi fyrir miklum breytingum þar sem aðstæður í nútímasamfélögum breytast hraðar og hraðar með hverju árinu. Nýjasta dæmið er e.t.v. þróun spjallmenna og notkun gervigreindar sem felur í sér tækifæri en einnig áskoranir fyrir þekkingaröflun og nýsköpun. Gervigreindin mun bæði breyta því hvernig við öflum og vinnum með upplýsingar. Bent hefur verið á hagnýtingu gervigreindar í námi en óhjákvæmilega þarf að endurhugsa nám, huga að því hvaða færni nýtist, hvað ættum við að kenna og hvernig. Framhaldsfræðslan mun þurfa að þróast til að mæta áskorunum samtímans s.s. hröðum breytingum á vinnumarkaði og fjölda nýrra Íslendinga með annað móðurmál en íslensku. Þeir sem starfa við færniþróun þurfa að fylgjast með þróun í kennslufræði og tækni til að tryggja að þeir búi yfir þeirri færni og þekkingu sem þarf til að undirbúa námsmenn undir örar breytingar. Eftir því sem heimurinn verður flóknari og samtengdari verður æ mikilvægara að beita verkfærum og aðferðum sem efla sköpun en á sama tíma gagnrýna hugsun. Mikilvægt er að hvetja og styðja námsmenn til að takast á við áskoranir með öðrum hætti en áður hefur verið gert. Þetta hefur starfsfólk Framvegis svo sannarlega lagt sig fram um að gera með góðum árangri.

Umfang starfseminnar hefur aukist jafnt og þétt hjá Framvegis á undanförunum árum


og námsmannahópurinn sömuleiðis orðið fjölbreyttari sem starfsfólk og leiðbeinendur sinna. Árið 2022 var fyrsta heila starfsárið í nýju húsnæði sem heldur vel utan um margháttaða starfsemi miðstöðvarinnar og áfram var fjárfest í tækjabúnaði til að styðja betur við framþróun í kennsluháttum. Eftir heimsfaraldur var talsverð uppsöfnuð þörf fyrir símenntun hjá sjúkraliðum og reyndi starfsfólk að bregðast við með því að bæta við námsframboði sem dugði ekki til því færri komust að en vildu. Þá fór stór hópur í gegnum raunfærnimat á sjúkraliðabraut en í raunfærnimati er farið yfir reynslu og þekkingu og hún metin til eininga á móti sjúkraliðabraut. Hugmyndafræði raunfærnimats byggir á að það skipti ekki máli hvar þú öðlast færni, ef þú hefur hana þá einfaldlega hefur þú hana. Framhaldsfræðslan í heild sinni stendur á tímamótum en framundan er endurskoðun löggjafar um framhaldsfræðslu. Í lok síðasta árs stóð félags- og vinnumarkaðsráðuneytið fyrir vinnustofu um framhaldsfræðslu í þjóðfundarformi þar sem fulltrúar allra þeirra sem koma að framhaldsfræðslu voru boðaðir. Markmið vinnustofunnar var að efna til umræðu, skrá niður hugmyndir og vinna efnivið fyrir starfshóp um heildarendurskoðun framhaldsfræðslunnar, sem félags- og vinnumarkaðsráðuneytið skipaði á árinu. Starfshópnum er ætlað að meta stöðuna í málaflokknum með gerð grænbókar og í framhaldi af því leggja fram hvítbók þar sem gerð verður tillaga að heildstæðu kerfi framhaldsfræðslu sem ætlað er að styrkja hana sem fimmtu stoð opinbera menntakerfisins hér á landi. Sérstaklega verður

rýnt í íslenskukennslu sem ætluð er fullorðnu fólki með annað móðurmál en íslensku og hlutverk framhaldsfræðslunnar með tilliti til fatlaðs fólks. Starfsfólk og stjórn Framvegis fagnar þessari vinnu og lýsir sig reiðubúið að taka þátt í næsta kafla í farsælli sögu framhaldsfræðslunnar. Saga Framvegis sýnir að starfsfólk og leiðbeinendur miðstöðvarinnar hafa færni, getu og vilja til að takast á við fjöl-

breytt og síbreytileg verkefni með hagsmuni námsmanna að leiðarljósi.

Reykjavík, 15. maí 2023

Ragnhildur B. Bolladóttir
Stjórnarformaður Framvegis



Inngangur framkvæmdastjóra



Árið 2022 var tuttugasta og fyrsta árið í starfsemi Framvegis. Covid-árin voru nokkurn veginn að baki þegar árið gekk í garð en engu að síður gætti enn áhrifa faraldursins á rekstur miðstöðvarinnar og samfélag. Það er ekki sjálfgefið að það takist að finna tækifæri í áskorunum en starfsfólk hefur mætt síbreytilegum og oft ófyrirsjáanlegum innri og ytri aðstæðum af bjartsýni og útsjónarsemi og náð að búa þannig í hagin að afkoma stöðvarinnar er nú betri en nokkru sinni áður. Við uppstokkun ráðuneyta og tilfærslu mála-flokka færðist framhaldsfræðslan úr Mennta- og menningarmálaráðuneytinu í nýtt ráðuneyti félags- og vinnumarkaðar. Undir nýju ráðuneyti var hafist handa við endurskoðun löggjafar um framhaldsfræðslu í breiðu samráði hagaðila með það fyrir augum að framhaldsfræðslukerfið verði í stakk búið að mæta hröðum tækniframförum, breytingum á samsetningu þjóðarinnar og uppbroti á vinnumarkaði. Mikið liggur við að endurskoðun laga um framhaldsfræðslu vinnist vel og afraksturinn verði samfélaginu til heilla. Starfsemi Framvegis hefur þróast og breyst á undanförunum árum ekki síst er varðar markhópa miðstöðvarinnar sem eru orðnir fjölbreyttari og fjölþjóðlegri. Sem dæmi þá fór kennsla fram á sex tungumálum auk íslensku á árinu. Menntun gegnir lykilhlutverki við inngildinguna allra þjóðfélagsþegna og er það hlutverk okkar sem sinna sí- og endurmenntun að tryggja jöfn tækifæri til náms og sporna gegn aðstöðumun. Hér eftir sem hingað til er hlutverk símenntunarmiðstöðva mikilvægt. Framvegis stendur frammi fyrir því að nýta

hraðfara tæknibreytingar í þágu þeirra sem sækja þjónustu hjá miðstöðinni. Í raun er hægt að tala um stafræna umbyltingu í þjónustu við viðskiptavinum á síðustu misserum. Með aðstoð tækninnar var hægt að halda skólastarfi óskertu sem og annarri stoðþjónustu miðstöðvarinnar þótt á móti blési.

Mikið var lagt upp úr því að þjálfar tæknilæsi og tölvufærni þeirra sem sóttu nám hjá Framvegis með það að leiðarljósi að styðja einstaklinga til að takast á við breytingar á síkvikum vinnu-markaði og stuðla að réttlátum umskiptum. Aukið aðgengi að stafrænum lausnum hefur markað mikilvægt framfaraskref þegar kemur að því að jafna tækifæri til náms og annarrar þjónustu sem símenntunarmiðstöðvar bjóða viðskiptavinum sínum.

Á árinu var megináhersla lögð á að mæta mismunandi þörfum markhópa miðstöðvarinnar. Tókst það með miklum ágætum og átti Framvegis í sérlega farsælu samstarfi við Virk starfsendurhæfingasjóð, Fjölsmiðjuna og Vinnumálastofnun höfuðborgarsvæðisins um verkefni af ýmsum toga. Átaksverkefninu nám er tækifæri lauk á vorönninni en í gegnum þetta vinnumarkaðsúræði Vinnumálastofnunar stóð atvinnuleitendum til boða að nýta stoðir framhaldsfræðslunnar óháð menntunarstigi sem mæltist vel fyrir.

Góð aðsókn var í raunfærnimat hjá miðstöðinni og þá sér í lagi raunfærnimat á móti sjúkraliðabraut. Við framkvæmd raunfærnimatsins er notuð aðferðafræði sem á sér stoð í reglugerð. Þetta formlega staðfestingarferli gerir einstaklingum kleift að fá færni sína metna og skjalfesta. Eitt af þeim verkefnum sem

takast þarf á við er að gera raunfærnimat aðgengilegt á fleiri tungumálum en íslensku fyrir fólk af erlendum uppruna sem býr yfir fjölbreyttri reynslu. Staðfesting á hæfni fólks eykur félagslega þátttöku og möguleika á vinnumarkaði svo ekki sé talað um fleiri tækifæri til náms.

Með auknum fólksflutningum hefur íslenskt samfélag breyst á stuttum tíma frá því að vera tiltölulega einsleitt yfir í það að vera fjölmenningarlegt. Við sem sinnum sí- og endurmenntun stöndum frammi fyrir því að mæta

þörfum mun fjölbreyttari hóps fullorðinna sem kallar á endurskoðun þeirra gilda og hefða sem fyrir eru. Við tökum fagnandi á mót nýjum áskorunum og erum tilbúin að þróa og laga fullorðins- og framhaldsfræðsluna að þörfum samfélagsins.



Starfsfólki og stjórn þakka ég ánægjulegt og gott samstarf á árinu.



Starfsemin

Reynsla undanfarinna ára kom sér vel í allri skipulagningu og vinnu hjá Framveigs á þessu ári. Ráðist var í margbreytileg verkefni til þess að mæta eftirspurn eftir námsúrræðum fyrir mjög svo fjölbreytta markhópa miðstöðvarinnar. Námsmannahópur Framvegis hefur tekið miklum breytingum á síðustu árum og er miðstöðin nú að sinna fjölmenningslegri menntun. Er það sameiginlegt verkefni starfsfólks og leiðbeinenda að allir námsmenn fái nám við hæfi, þeir séu virkir í námi sínu og


það sé valdeflandi. Talsverð aukning var á nemendastundum milli ára eða um 13% frá árinu á undan og heildarfjöldi námsmanna var í takti við fleiri nemendastundir. Þessa aukningu má að einhverju leyti rekja til þess að miðstöðin tók á móti fleira flóttafólki en áður í nám, sjúkraliðar voru iðnir, nám er tækifæri var enn í gangi á árinu og viðbótarúthlutun úr Fræðslusjóði fyrir markhóp framhaldsfræðslunnar.



Næsta mynd sýnir samanburð á nemendastundum námskeiðsflokka undanfarinna þriggja ára. Umtalsverð aukning varð á nemendastundum í öllum flokkum frá árinu á undan nema í flokki námskeiða Gott að vita. Í þeim flokki voru nemendastundir nánast á pari við árið á undan og allt umfang á svipuðum nótum og fyrra ár en þessi fyrirlestra- og námskeiðaröð er haldin í samvinnu við Sameyki stéttarfélag í almannu þjónustu fyrir félagsmenn þess. Vottaðar námsleiðir

framhaldsfræðslunnar voru vel sóttar og nemendastundum fleiri en árið á undan. Umfang í þessum flokki er háð úthlutun fjármagns úr Fræðslusjóði til málaflokksins en á þessu ári fékk miðstöðin aukaúthlutun um haustið sem að miklu leyti skýrir aukninguna. Fjölgun var einnig á nemendastunda í flokki sjúkraliða en þar undir eru sí- og endurmenntunar námskeið fyrir sjúkraliða sem kennd eru í samvinnu við Sjúkraliðafélag Íslands.

Samanburður á nemendastundum



Reksturinn

Sá góði árangur sem, náðist í reksri á árinu 2022, liggur fyrst og fremst í þeim mannauði sem Framvegis er svo heppið að búa yfir. Rekstrarleg markmið náðust og grunnrekstur miðstöðvarinnar gekk vel, reksturinn jókst að umfangi og tekjur jukust sömuleiðis. Reksturinn ber öll merki um stöðugleika og liggur styrkur stafseminnar í miklum sveigjanleika og aðlögunarhæfni til að bregðast við örum breytingum og sveiflukenndum aðstæðum í rekstrarumhverfi miðstöðvarinnar. Er það mat stjórnenda að jákvæð afkoma endurspegli að vel hafi tekist að mæta áskorunum ársins og eru rekstrartekjur umfram rekstrargjöld rúmlega tuttugu milljónir. Tekjur á milli ára jukust um rétt tæpar þrjátíu og þrjár milljónir og gjöld hækkuðu um rúmlega nítján milljónir. Að teknu tilliti til

fjármagnsliða nemur rekstarafgangur 20.593.848 kr. eins og sjá má í ársreikningi sem fylgir þessari ársskýrslu.

Framvegis hlaut viðurkenningu sem fyrirmyndarfyrirtæki í rekstri og var þar með í hópi 2,3% fyrirtækja á Íslandi sem uppfylltu ströng skilyrði Viðskiptablaðsins og Keldunnar árið 2022. Við fögnum þessari góðu niðurstöðu um leið og við horfum fram á veginn og höldum áfram að auka skilvirkni og straumlínulaga reksturinn með það fyrir augum að geta mætt áskorunum á komandi tímum. Covid-faraldurinn ýtti á margan hátt undir nýja hugsun og breyttar aðferðir í rekstri hjá miðstöðinni. Starfsfólk og stjórn er staðráðið í að halda áfram að mæta þörfum samfélagsins hverju sinni og skapa virði fyrir alla hagaðila og samfélagði í heild.



Hluthafar Framvegis


Eigendur og hluthafar Framvegis eru Sjúkraliðafélag Íslands sem á 43,14% og

Sameyki - stéttarfélag í almannabjónustu sem á 56,86%.

Stjórn Framvegis og skipurit

Stjórn og framkvæmdastjóri bera ábyrgð á starfsemi Framvegis, stefnumótun og að starfsemi og rekstur sé í samræmi við sam-

þykktir miðstöðvarinnar og lög um framhaldsfræðslu. Skipuritið sýnir starfsemi miðstöðvarinnar á myndrænan hátt.



Stjórn Framvegis

Stjórn Framvegis er skipuð eigendum miðstöðvarinnar, þremur fulltrúum frá Sameyki og tveimur fulltrúum frá Sjúkraliðafélagi Íslands. Stjórn hélt 10 fundi á árinu og var ársfundur að þessu sinni haldinn 9. júní. Breyting varð á skipan stjórnar, Ragnhildur Berta Bolladóttir og Lára María Valgerðarsdóttir komu inn í stjórn fyrir Sjúkraliðafélagið



Ragnhildur B. Bolladóttir
stjórnarformaður
Sjúkraliðafélagi Íslands



Jóhanna Þórdórsdóttir
meðstjórnandi
Sameyki - stéttarfélag í almannajónustu



Jakobína Þórðardóttir
meðstjórnandi
Sameyki - stéttarfélag í almannajónustu



Bryngeir A. Bryngeirsson
meðstjórnandi
Sameyki - stéttarfélag í almannajónustu



Lára María Valgerðarsdóttir
meðstjórnandi
Sjúkraliðafélagi Íslands

Varamenn
Þórarinn Eyfjörð, Sameyki
Guðríður Sigurbjörnsdóttir, Sameyki
Birna Ólafsdóttir, SLFÍ

Starfsfólk Framvegis

Starfsmannahald var að mestu leyti óbreytt á árinu en fjórir starfsmenn eru í fullu starfi eins og árin á undan. Framvegis hefur á að skipa tveimur náms- og starfsráðgjöfum sem sinna einnig verkefnastjórnun, verkefna- og skrifstofustjóra og framkvæmdastjóra. Á síðasta ári var ráðinn verkefnastjóri í tíma-

bundið starf til eins árs en ráðningin rann sitt skeið 1. október. Viðkomandi starfsmaður hafði umsjón með námskeiðum sem kennd voru á erlendum tungumálum. Leiðbeinendur Framvegis, sem koma að kennslu og öðrum verkefnum, starfa allir sem verktakar en fjöldi þeirra á árinu var rúmlega hundrað.



Helga Tryggvadóttir
náms- og starfsráðgjafi og verkefnastjóri
100% starf



Ingibjörg Kristinsdóttir
náms- og starfsráðgjafi og verkefnastjóri
100% starf



Katarzyna Zofia Kudrzycka
Verkefnastjóri
30% starf



Líney Jóhannesdóttir
verkefnastjóri
100% starf




Vigdís Þyri Ásmundsdóttir
framkvæmdastjóri
100% starf

Fræðslustarfið 2022

Umfang starfseminnar var heldur meira en undan farin ár. Eins og sést á myndinni hér fyrir neðan þá var fjöldi námskeiða og námsleiða 138 talsins. Þrotlaus vinna starfsfólks skilaði sér í fjölbreyttu námsframboði og að vanda var mikil áhersla lögð á að mæta þörfum og eftirspurn mismunandi markópa Framvegis.

Virkni- og starfsþróunarnámskeið voru fyrirferðarmikil í starfseminni sem og nám fyrir flóttafólk og fólk af erlendum uppruna. Talsverð aukning var á aðsókn í námskeið hjá sjúkraliðum og voru atvinnuleitendur og fólk í starfsendurhæfingu stór hluti þjónustuþega.



Námskeið fyrir sjúkraliða

Sjúkraliðafélag Íslands á 43,14% hlut í Framvegis og hafa sjúkraliðar sótt námskeið hjá miðstöðinni allt frá því að hún hóf starfsemi sína. Hafa sí- og endurmenntunarnámskeið sjúkraliða verið einn meginstofn í námskeiðahaldi hjá Framvegis. Skipulögð voru 31 námskeið fyrir sjúkraliða á árinu og voru þau öll starfstengd og hægt að meta til launa. Enn sem fyrr voru námskeiðin skipulögð með fulltingi fagraðs sjúkraliða með það fyrir augum að mæta þörfum einstaklinga og

starfsumhverfis sjúkraliða. Boðið var upp á flest námskeiðin í stað- og fjarnámi sem mæltist vel fyrir hjá þátttakendum. Að þessu sinni þurfti að fella niður tvö námskeið á árinu, kom það til vegna forfalla hjá leiðbeinendum. Eftir erfið Covid-ár og mikið álag á stéttina þá var að einhverju leyti uppsöfnuð þörf sem skilaði sér í mikilli aðsókn á flest námskeiðin og í sumum tilfellum komust færri að en vildu. Þátttakendum fjölgaði um 35% samanber árið á undan eins og fram kemur í töflu hér að neðan.



Drifkraftinn í þessari aukningu má líka að einhverju leyti rekja til breytinga á starfsþróunarstyrkjum hjá Sjúkraliðafélaginu og fleiri símenntunarþrep í stofnanasamningum sem er námshvetjandi fyrir stéttina.

Reglulega eru haldin námskeið fyrir leiðbeinendur sem taka að sér sjúkraliða í verknám á vinnustöðum. Tvö slík námskeið voru haldin á árinu og var meðþátttaka. Þátttaka síðustu ára er sem hér segir.

2019	2020	2021	2022
18	24	0	73



Listi yfir sjúkraliðanámskeið 2022:

Símenntun sjúkraliða 2022	Fjöldi þátttakenda	Klukkustundir	Nemendastundir
Lausnamiðuð nálgun með sjúklingum	23	12	276
Ofbeldi og ofbeldishegðun	43	8	344
Kulnun í kjölfar Covid	19	8	152
Sykursýki og næring	29	8	232
Sjúkraflutningar	0	0	0
Sorg og sorgarviðbrögð	29	8	232
Ávana- og fíknilyf - hjúkrun einstaklinga með fíknisjúkdóma	28	16	448
Leiðbeinendanámskeið fyrir sjúkraliða í starfsnámi	37	8	296
Sár og sárameðferð	46	12	552
Fjölskylda, sjúklingar og umönnunaraðilar	10	8	80
Rapport/samskipti á vinnustað	26	8	208
Flogaveiki	22	5	110
Bólgur, þarmaflóran og allskonar annað áhugavert	39	8	312
Bættur lífsstíll, betri heilsa	28	12	336
Öldrunarlyfjafræði - bara í fjarkennslu	29	16	464
Leiðbeinendanámskeið fyrir sjúkraliða í starfsnámi	36	6	216
Samskiptastreita	34	8	272
Sjúkraflutningar	17	12	204
Áhrif umhverfis og upplifunar á lífsgæði aldraðra	7	5	35
Flogaveiki	43	5	215
Fjölskylda, sjúklingar og umönnunaraðilar	33	8	264
Að sinna nýrnasjúklingum - frá bráðavanda til nýrnabilunar	23	5	115
Tíma-, gæða- og verkefnastjórnun í heilbrigðisþjónustu	38	12	456
Stómi	38	8	304
Lífslökameðferð - Hjúkrun sjúklinga við lok lífs	37	8	296
Næring aldraðra	33	8	264
Að auka velliðan í lífi og starfi	36	5	180
Óráð	0	0	0
Sýnatökunámskeið	22	5	110
Jákvæð heilsa	17	5	85
Sýnatökunámskeið	28	5	140
Samtals - 31 námskeið	850	242	7198



Námskeið

Starfsemin fór að ná jafnvægi um mitt ár en skipulag fræðslu bar merki þess lærdóms sem hlaust af ástandinu sem skapaðist í heimsfaraldrinum. Mikið var lagt upp úr því að nýta áfram stafrænar lausnir sem góð reynsla var komin á og mæta þannig fjölbreyttum þörfum

einstaklinga. Gott samstarf var við Vinnumálastofnun, Virk starfsendurhæfingu, Fjölsmiðjuna og aðra samstarfsaðila Framvegis. Fjöldi og fjölbreytni námskeiða bera merki þess að vel hafi gengið að mæta þörfum og eftirspurn.

Námskeið 2022	Fjöldi þátttakenda	Klukkustundir	Nemendastundir
Basic computer skills	11	24	264
Better you - how to love and accept oneself	6	15	90
CBT Hugræn atferlismeðferð á ensku	13	40	520
CBT Hugræn atferlismeðferð á pólsku	14	40	560
CBT Hugræn atferlismeðferð á pólsku	5	40	200
CCC Ferilskrárgerð á pólsku	16	12	192
CCC Ferilskrárgerð á pólsku	13	12	156
Fullkomin ferilskrá námskeið	5	12	60
Fullkomin ferilskrá námskeið	10	12	120
Fullkomin ferilskrá námskeið	7	12	84
Fullkomin ferilskrá námskeið	5	12	60
Fullkomin ferilskrá námskeið	6	12	72
Fullkomin ferilskrá námskeið	5	12	60
Hagnýt atvinnuleit á spænsku	7	15	105
Hagnýt atvinnuleit á spænsku	8	15	120
HAM - fjarnámskeið á ensku	1	24	24
Landneminn á spænsku	9	45	405
Landneminn á spænsku	14	45	630
Landneminn á spænsku	11	45	495
Landneminn á arabísku	16	45	720
Námstækni sem VIRKar	1	18	18
Toppurinn námskeið	10	54	540
Toppurinn námskeið	12	54	648
Toppurinn námskeið	12	54	648
Basic computerskills	10	24	240
Basic computer skills Polish Women	10	24	240
CBT Hugræn atferlismeðferð á ensku	17	40	680
CCC Ferilskrárgerð á arabísku	6	12	72
CCC Ferilskrárgerð á ensku	9	12	108
CCC Ferilskrárgerð á ensku	7	12	84
CCC Ferilskrárgerð á ensku	9	12	108
CCC Ferilskrárgerð á litháísku	7	12	84

Námskeið 2022	Fjöldi þátttakenda	Klukkustundir	Nemendastundir
CCC Ferilskrárgerð á pólsku	9	12	108
CCC Ferilskrárgerð á spænsku	10	12	120
CCC Ferilskrárgerð á úkraínsku	12	12	144
CCC Ferilskrárgerð á úkraínsku	6	12	72
Fullkomin ferilskrá	7	12	84
Fullkomin ferilskrá	10	12	120
Fullkomin ferilskrá	10	12	120
Hagnýt atvinnuleit á arabísku	7	15	105
Landneminn á arabísku	13	45	585
Landneminn á ensku	7	45	315
Landneminn á spænsku	10	45	450
Landneminn á spænsku	8	45	360
Námstækni sem VIRKar	1	18	18
Toppurinn námskeið	15	54	810
Toppurinn námskeið	9	54	486
Samtals 50 námskeið	426	1.222	12.304

Námskeiðin voru 50 talsins sem er sami fjöldi og árið á undan en þátttakendum fjölgaði lítillega eins og sjá má í meðfylgjandi töflu. Þróun er hvað mest í þessum hluta starfseminnar, námskeiðin taka mið af eftirspurn og ástandi á vinnumarkaði. Allt kapp er lagt á

að mæta færniþörfum hverju sinni og áhersla er á samþættingu tölvu- og tæknilæsis. Framvegis fjárfesti í nýjum tækniþúnaði á árinu sem nauðsynlegur er til þess að styðja starfsfólk og námsmenn í þeirri hæfniþróun sem vinnumarkaðurinn kallar eftir.

Fjöldi námsmanna á námskeiðum síðast liðin ár:

2019	2020	2021	2022
351	284	408	426





Gott að vita

Gott að vita fyrirlestra- og námskeiðaröðin er með fjölbreyttum áherslum sem ætlað er að höfða til sem flestra félagsmanna Sameykis. Þessir viðburðir eru fyrst og fremst hugsaðir til þess að vera mönnum til gagns og ánægju og eru félagsmönnum að kostnaðarlausu. Dagskrá og efnistöð eru unnin fyrir hverja önn í samráði við nefnd Sameykis um framtíðarvinnu- markaðinn.

Upphaflega voru 40 námskeið og fyrirlestrar settir á dagskrá, 20 á hvorri önn en fella þurfti niður 6 viðburði vegna ónógrar skráningar eða forfalla leiðbeinenda. Þar af leiðandi urðu viðburðirnir 34 á árinu, 19 viðburðir á vorönn og 15 viðburðir á haustönninni. Á þá 34 viðburði í gott að vita sem voru á árinu skráðu sig 570 manns en 377 mættu sem er talsvert færri þátttakendur en árið á undan og nemur fækkunin 17% milli ára.

Boðið var upp á vandaða og fjölbreytta dagskrá eins og árin á undan og í töflunni hér fyrir neðan er upptalning á þeim viðburðum sem Sameyki bauð félagsmönnum sínum að sækja á árinu:



Gott að vita 2022	Fjöldi þátttakenda	Klukkustundir	Nemendastundir
Borðaðu grænna	13	1,5	19,5
Lærðu að þrjóna sokka	7	3	21
Lærðu að þrjóna sokka	10	3	30
Pottaplöntur	17	1,5	25,5
Að fara í gegnum breytingar	8	1	8
Pólland fyrir ferðamenn	8	6	48
Eldhúsið er hjarta heimilisins	12	2,5	30
Þriðja vaktin - hugræn byrði og verkaskipting heimilisins	9	1	9
Að safna fyrir fyrstu íbúð	16	1,5	24
Mátturinn í næringunni	17	1,5	25,5
Fræðsla og félagsskapur fyrir 50+	6	1	6
Þín hleðsla	13	1,5	19,5
Bollakökuskreytingar	11	2	22
Jóga fyrir alla	13	4	52
Gönguleiðir á höfuðborgarsvæðinu	13	8	104
Golf námskeið	7	8	56
Golf námskeið	8	8	64
Stuð við starfslok	13	1,5	19,5
Haustlaukar, niðursetning og umhirða.	9	1,5	13,5
Sjósund	0	0	0
Marokkó fyrir ferðamenn	9	6	54
Kýrðargöngunámskeið	9	6	54
Aððsig	9	9	81
Lestur launaseðla	13	1,5	19,5
Förðun og umhirða húðar 1	9	2	18
Förðun og umhirða húðar 2	10	2	20
Matur og loftslagsbreytingar	4	4,5	18
Sparnaður og lán í verðbólgu og hækkandi vöxtum	0	0	0
Mátturinn í næringunni - framhald/annað	12	1,5	18
Brauðtertuskreytingar hópur 1	9	2	18
Brauðtertuskreytingar hópur 2	10	2	20
Að verða pabbi; jákvæð sál færði fyrir feður	0	0	0
Konfekt námskeið	28	1,5	42
Lærðu að þrjóna húfu	9	3	27
Lærðu að þrjóna húfu	0	0	0
Ukulele	9	6	54
Að næra delluna sína	7	1,5	10,5
Styrkleikastofa	0	0	0
Mitt eigið breytingaskeið	20	1	20
Leigjendaaðstoð	0	0	0
Samtals	377	107,5	1071

Námsleiðir framhaldsfræðslunnar

Framvegis hefur viðurkenningu til þess að annast framhaldsfræðslu á grundvelli laga um hana frá árinu 2010. Framvegis uppfyllir skilyrði laganna um framhaldsfræðslu hvað varðar hlutverk og markmið, skipulag náms og kennslu, aðstöðu og rekstur.

Með samningi við Fræðslusjóð framhaldsfræðslunnar kennir Framvegis vottaðar námskrár fyrir skilgreindan markhóp framhaldsfræðslulaga, þ.e. einstaklinga 18 ára og eldri með stutta formlega menntun.

Á árinu voru sjö námsleiðir framhaldsfræðslunnar kenndar hjá og á vegum Framvegis. Um langt skeið hefur miðstöðin átt farsælt samstarf við tölvuskóla á höfuðborgarsvæðinu um kennslu á sérhæfðum námsþáttum sem snúa að tölvuvinnslu og tæknitengdum greinum í vottuðum námskrám. Aðsókn var góð í þessar námsleiðir og viðbótarúthlutun á haustönninni nýttist vel og fleiri fengu tækifæri til að sækja nám en ella. Vottaðar námskrár sem Framvegis kenndi eftir árið 2022:

Skrifstofuskólinn

Námið er 160 klukkustundir, að auki er gert ráð fyrir 160 klukkustundum án leiðbeinenda. Námið er starfstengt og hagnýtt, meta má það til 18 eininga á framhaldsskólastigi. Námið byggist á raunhæfum verkefnum tengdum almennri tölvuvinnslu, bókhaldi, tölvubókhaldi, viðskiptaensku, þjónustu á skrifstofu og sjálfstyrkingu. Boðið var upp á fjarkennslu í þessari námsleið. Skrifstofuskólinn var kenndur í samstarfi við Promennt.

Stökkpallur

Námið er 180 klukkustunda og skiptist í 4 námsþætti sem meta má til 10 eininga á framhaldsskólastigi. Námið er á 1. þrepi íslenska

hæfnirammans þar sem áhersla er lögð á að byggja upp samskiptafærni, efla sjálfstraust og þjálfna námsmenn til atvinnuþátttöku í mismunandi starfsumhverfi og til áframhaldandi náms. Stökkpallur var kenndur í samstarfi við Vinnumálastofnun á höfuðborgarsvæðinu og Virk.

Sölu-, markaðs- og rekstrarnám

Námið er 440 klukkustunda, þar af 288 með leiðbeinanda og skiptist í 18 námsþætti sem meta má til 22 eininga á framhaldsskólastigi. Tilgangur námsins er að efla þekkingu og auka hæfni þeirra sem sinna, eða hafa áhuga á að sinna, sölustörfum, markaðsmálum eða stofna til eigin reksturs. Boðið var upp á fjarkennslu í þessari námsleið. Sölu-, markaðs- og rekstrar-námið var kennt í samstarfi við Promennt.

Tækniþjónusta

Námið er 140 klukkustunda og skiptist í 8 námsþætti sem meta má til 7 eininga á framhaldsskólastigi. Námið er á 2. þrepi íslenska hæfnirammans og er ætlað þeim sem sinna eða hafa áhuga á að sinna tækniþjónustu. Tækniþjónusta var kennd í samstarfi við NTV – tölvuskóla.

Tölvuumsjón

Námið er 334 klukkustunda, þar af 196 klukkustundir með leiðbeinanda og skiptist í 12 námsþætti sem meta má til 17 eininga á framhaldsskólastigi. Námið er á 2. þrepi íslenska hæfnirammans. Tilgangur þess er að efla hæfni þeirra sem vinna við, eða hafa hug á að vinna við, tölvuviðgerðir og að þjónusta tölvu-kerfi. Markmið námsins er að námsmenn öðlist grunnhæfni á sviði tölvuumsjónar og er góður grunnur fyrir áframhaldandi nám í tæknitengdum greinum. Námið var kennt í samvinnu við Promennt.

Uppleið – HAM

Námskráin felur í sér 40 klukkustunda nám, þar af 24 klukkustundir með leiðbeinanda, á 2. þrepi hæfniramma um íslenska menntun og skiptist í 5 námsþætti. Námið er ætlað þeim sem vilja læra að takast á við hamlandi líðan með því að nýta sér aðferðir hugrænnar atferlismeðferðar (HAM), einna helst einstaklingum í markhópnum sem síst afla sér menntunar og greiða leið þeirra til áframhaldandi náms og virkni.

Tæknilæsi og tölvufærni

Námskráin er 45 klukkustunda nám, þar af 42 klukkustundir með leiðbeinanda, á 2. þrepi hæfniramma um íslenska menntun og skiptist



í 6 námsþætti. Náminu er ætlað að ná til þeirra einstaklinga innan markhóps framhaldsfræðslu sem líklegir eru til að sitja eftir á vinnumarkaði sökum tækniframfara og breytinga á störfum sem þær hafa í för með sér. Markmið námskrárinnar er að auka tæknilæsi og tölvufærni námsmanna með það að leiðarljósi að efla hæfni einstaklinga til að takast á við breytingar og undirbúa þá þannig til að halda í við tækniframfarir á vinnumarkaði.

Hér fyrir neðan er yfirlit með vottuðum námskrám framhaldsfræðslunnar sem kenndar voru hjá Framvegis á árinu 2022:

Námsleiðir framhaldsfræðslunnar	Fjöldi þátttakenda	Klukkustundir	Nemendastundir
Stökkpallur	11	180	1.980
Stökkpallur	12	80	960
Tækniþjónusta	10	140	1.400
Tölvuumsjón	12	196	2.352
Uppleið	10	24	240
Sölu- markaðs og rekstrarnám	16	140	2.240
Líf og heilsa	11	60	660
Skrifstofuskólinn	14	160	2.240
Skrifstofuskólinn	12	160	1.920
Stökkpallur	11	180	1.980
Sölu- markaðs og rekstrarnám	16	148	2.368
Skrifstofuskólinn	13	160	2.080
Stökkpallur	10	180	1.800
Sölu- markaðs og rekstrarnám	15	140	2.100
Tæknilæsi og tölvufærni	5	42	210
Tölvuumsjón	5	196	980
Uppleið	7	24	168
Uppleið	6	24	144
Uppleið	6	24	144
Samtals 19	202	2.258	25.966

Aukið fjármagn úr Fræðslusjóði hafði það í för með sér að fleiri námsleiðir voru kenndar á árinu en árið á undan. Fjöldi nemandastunda og fjöldi þátttakenda endurspeglar meira

umfang. Brottfall var heldur meira en gengur og gerist enda umbrotatímar og samfélagið að koma út úr heimsfaraldri.



Nám er tækifæri

í samvinnu við Vinnumálastofnun á höfuðborgarsvæðinu

Vottaðar námsleiðir framhaldsfræðslunnar voru kenndar í samvinnu við Vinnumálastofnun á höfuðborgarsvæðinu í gegnum samninga um átaksverkefnið nám er tækifæri. Undir þessum samningi voru kenndar tvær

námsleiðir annarsvegar Uppleið - nám byggt á hugrænni atferlismeðferð og hinsvegar Tæknilæsi og tölvufærni - vinnuumhverfi samtímans, sjá næstu töflu:

Nám er tækifæri vor 2022	Þátttakendur	Klukkustundir	Nemendastundir
Tæknilæsi og tölvufærni	10	42	420
Tæknilæsi og tölvufærni	10	42	420
Tæknilæsi og tölvufærni	3	42	126
Uppleið á ensku	7	24	168
Uppleið á pólsku	14	24	336
Uppleið á íslensku	11	24	264
Uppleið á ensku	15	24	360
Samtals	70	222	2.094



Náms- og starfsráðgjöf

Framvegis hefur boðið upp á náms- og starfsráðgjöf fyrir markhóp framhaldsfræðslunnar frá árinu 2015. Tveir náms- og starfsráðgjafar starfa hjá Framvegis og sinna þeir einnig verkefnastjórnun og kennslu á námsleiðum framhaldsfræðslunnar og námskeiðum.

Náms- og starfsráðgjöf fer fram bæði í einstaklingsviðtölum og í hópráðgjöf. Ráðgjafa- og hvatningarviðtöl eru einstaklingsviðtöl og í hópráðgjöf geta verið tveir til 15 einstaklingar. Engin tvö viðtöl eru eins enda aðstæður fólks og verkefni þess mismunandi.

Viðtöl

Á árinu 2022 voru tekin alls 685 viðtöl. Í töflunni má sjá hvernig þau skiptust niður eftir flokkun Fræðslusjóðs:

Viðtöl	Fjöldi	Hlutfall
Ráðgjafaviðtöl	383	56%
Hvatningarviðtöl	11	2%
Hópráðgjöf	291	42%
Samtals	685	100%

Viðtölin fela yfirleitt í sér ígrundun á starfsþróun einstaklinga, m.a. út frá sjálfskoðun, styrkleikum, áhugahvöt, starfshæfni, markmiðasetningu, ferilskrángerð og áætlun um næstu skref. Mikil áhersla er lögð á trú á eigin getu og að rætur hvers og eins liggi í áhuga, gildum og styrkleikum í samspili við reynslu og umhverfi og að allt þetta hefur áhrif á þróun náms- og starfsferil einstaklings.

Áhersla hefur verið lögð á hópráðgjöf til námsmanna sem sækja nám á námsleiðum og hafa viðfangsefni hópráðgjafarinnar snúist um sjálfstyrkingu, áhugasvið, áætlanagerð, markmiðasetningu og færni í starfsleit. Hópráðgjöf er góð leið til að ná til námsmanna, kynna þeim frekari náms- og starfsráðgjöf og styðja þá og styrkja á ýmsan hátt.

Einnig hefur verið lögð áhersla á að veita námsmönnum aðhald, t.d. hvað varðar mætingar, og haft er samband við þá sem farið er að fatast flugið. Þeim er boðin ráðgjöf, s.s. um áætlanagerð sem miðar að því að ljúka námi, auk hvatningar og stuðnings. Þessi stuðningur virðist ýta undir að námsmenn ljúki námi og brotthvarf minnki.

Mörg koma í viðtal í framhaldi af hópráðgjöf og nýta sér þjónustu náms- og starfsráðgjafa, önnur koma af götunni og enn önnur sem finna þjónustu náms- og starfsráðgjafar Framvegis á netinu. Um þriðjungur viðtala tengist raunfærnimati auk þess sem námsmenn á völdum námsleiðum eru boðaðir í viðtöl annað hvort áður en nám hefst eða meðan á því stendur. Ástæður fyrir komu í einstaklingsviðtal geta verið margvíslegar, t.d. kemur fólk sem íhugar nám eða raunfærnimat eftir jafnvel áratuga hlé frá skóla, hefur áhuga á að breyta til eftir langan tíma í sama starfi, langar til að styrkja sig á vinnumarkaði eða eru í leit að nýjum náms- og/eða starfstækifærum. Eftirspurn eftir náms- og starfsráðgjöf er mikil og dugar framlag úr Fræðslusjóði ekki fyrir kostnaði við náms- og starfsráðgjöf út árið. Framvegis fékk á árinu kr. 5.233.000 úthlutað í náms- og starfsráðgjöf og var fyrirséð að sú upphæð myndi ekki duga út árið. Eins og fyrri ár var sótt um viðbótarframlag og fékk Framvegis kr. 2.250.00 í viðbótarúthlutun og varð því framlag Fræðslusjóðs til náms- og starfsráðgjafar hjá Framvegis kr. 7.473.000 og er það í fyrsta sinn sem framlagið dugar fyrir kostnaði við þjónustuna.

Heildarfjöldi viðtala náms- og starfsráðgjafa síðustu 4 ár:

2019	2020	2021	2022
581	504	557	685

Raunfærnimat


Mat á raunfærni gefur fullorðnu fólki á vinnu- markaði viðurkenningu á færni sinni og mögu- leika á að halda áfram námi þar sem það er statt í þekkingu og færni en ekki þar sem frá var horfið í formlegu námi.

Framvegis framkvæmir raunfærnimat á móti námskrám tölvubrautar Upplýsingatækni- skólans og sjúkraliðabrautar auk raunfærni- mats í almennri starfshæfni á móti viðmiðum atvinnulífsins. Raunfærnimat á sjúkraliðabraut var fyrirferðarmest að þessu sinni og almenn starfshæfni var ekki metin þetta árið.

Þetta var annað árið þar sem raunfærnimat á sjúkraliðabraut var framkvæmt og bættust tveir áfangar við til mats og er hámark metinna eininga nú 33. Matsmenn eru tveir kennarar á brautinni í tveimur skólum. Í raunfærnimatinu á tölvubraut eru allar faggreinar brautarinnar til mats og var matsmaður kennari á brautinni.

Alls hafa 54 einstaklingar lokið raunfærnimati á móti tölvubrautinni með alls 3008 einingar. Þrettán hafa fengið almenna starfshæfni sína metna hjá miðstöðinni, en þar sem það mat er á móti viðmiðum atvinnulífsins er það ekki einingabært.

Í töflunni má sjá fjölda þátttakenda og metnar einingar á árinu.




Raunfærnimat	Þátttakendur	Metnar einingar		
		Alls	Meðaltal	Spönn
2022	Fjöldi			
Sjúkraliðabraut	36	568	15,8	5-33
Tölvubraut	2	275	137,5	120-155
	38	843		

Raunfærnimat á sjúkraliðabraut

Árið 2021 hóf Framvegis að framkvæma raunfærnimat á móti námskrá sjúkraliðbrautar og hefur aðsókn verið framar vonum. Við árslok 2022 höfðu alls 47 þátttakendur fengið samtals 693 einingar metnar, en þess ber að geta að ekki komast öll í matið sem eftir því sækjast. Til þess að hefja raunfærnimatsferli þurfa þátttakendur að búa yfir a.m.k. þriggja ára starfsreynslu, í þessu tilfelli við umönnun, og hafa langflestir þátttakendur reynslu af umönnun aldraðra.

Hingað til hafa öll sem hefja ferlið annað hvort þegar hafið nám á sjúkraliðabraut eða stefna á það og af 183 áföngum sem hafa verið til mats hefur 21 ekki verið metinn eða 11%. Þetta þýðir að þó svo viðkomandi fari í matssamtal fær hann ekki áfangann metinn nema standast hæfnikröfur að mati matsmanns. Nánar má sjá skiptingu metinna áfanga í töflu:

Hlutfall metinna áfanga sem voru til mats í raunfærnimati á sjúkraliðabraut árin 2021-2022.



Dæmigerður þátttakandi í matinu er tæplega fertug kona með níu ára starfsreynslu í umönnun sem hefur ekki lokið námi í framhaldsskóla. Þar sem matið getur farið fram alfarið rafrænt hafa þátttakendur verið alls staðar að af landinu.

Boðið er upp á matið á hverri önn og er dagskrá fyrir hverja önn sett upp með góðum

fyrirvara. Dagskráin hefst á stuttri kynningu sem síðan er sett á heimasíðu Framvegis og eru tenglar á fundi og gögn einnig birt til hagræðingar fyrir þátttakendur. Það er ljóst að mikil eftirspurn er eftir raunfærnimati á sjúkraliðabraut sem Framvegis hefur tekist vel að anna.

Árangursrík framþróun

Grunnforsenda framþróunar hjá Framvegis er nýsköpunarhæfni starfsfólks. Öflug þekkingaleit og að miðla þekkingu með öðrum er vænleg leið til vaxtar og grósku. Starfsfólk hefur lagt sig fram um að sækja sér þekkingu og hæfni í þeim tilgangi að þróast í starfi og um leið þróa starfsemi miðstöðvarinnar. Framvegis sótti um tvo styrki til nýsköpunar í Fræðslusjóð framhaldsfræðslunnar á árinu, annað verkefnið fékk brautargengi sem er vel.



Þróunarverkefni

Framvegis fékk úthlutaðan styrk til þess að hæfnigreina starf skólaliða á árinu. Hafist var strax handa við undirbúning og gert er ráð fyrir að verkefnið klárast á næsta ári. Þetta er önnur tilraun við þessa hæfnigreiningu en miðstöðin hefur áður fengið styrk til þessa sama verkefnis. Vegna áhrifa Covid-19 þá reyndist ómögulegt að vinna hæfnigreininguna og fjármagninu því skilað.

Eitt þróunarverkefni kláraðist á árinu en Framvegis fékk úthlutað fjármagni 2020 til þess að vinna námskrá fyrir markhóp framhaldsfræðslunnar um grunn í forritun. Verkefnið var unnið í samvinnu við Skema og Tækniskólann og tilraunakennsla var í samvinnu við Fjölsmiðjuna á höfuðborgarsvæðinu. Námskráin fékk vottun frá Menntamálastofnun og var svo í framhaldinu sett á verðlista Fræðslusjóðs. Námskráin nefnist *Efling starfænnar hæfni – Grunnám í forritun*.



Fræðslugreiningar

Framvegis tekur þátt í verkefninu 'fræðslustjóri að láni' sem fólgið er í því að lána mannauðsráðgjafa til fyrirtækja og stofnana. Ráðgjöfin felst í því að greina fræðsluþarfir þeirra og hæfni starfsmanna og stuðla þannig að eflingu

og þróun mannauðs. Eitt slíkt verkefni var í farvatninu á árinu í samvinnu við flugfélagið Play og hófst undirbúningur við það í nóvember en áætlað er að því ljúki 2023.



Stefna og gæðastarf

Framvegis hefur verið með EQM vottun frá árinu 2012 en í lok árs 2018 hlaut stöðin EQM+ vottun sem tekur til allra starfspáttá, þ.e. fræðslu, náms- og starfsráðgjafar og raunfærnimats.

Ný úttekt átti að fara fram 2021 en vegna aðstæðna sem sköpuðuðst í heimsfaraldrinum var henni frestað og fékk Framvegis áframhaldandi EQM+ vottun í maí 2022. Starfsfólk og verktakar vinna samkvæmt viðurkenndum verkferlum í samræmi við vottunina til þess að tryggja fagleg og skilvirk vinnubrögð.

Haldið var áfram vinnu við innleiðingu vinnubragða til samræmis við nýja persónuverndarlöggjöf sem tók gildi 25. maí 2018. Löggjöfin gerir mun meiri kröfur en áður til varðveislu persónugreinanlegra gagna, s.s. verndar einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga.

Nýjar áherslur í starfsemi Framvegis voru markaðar 2019 og ný stefna gerð í framhaldinu til fjögurra ára. Stefnan miðar að því að nýta tækni til framfara í öllu starfi Framvegis og skapa umhverfi til nýsköpunar fyrir starfsfólk, til þróunar í starfi sem og til framþróunar starfseminnar. Stefnuskjal sem stjórn og starfsfólk vinnur eftir inniheldur framtíðarsýn, gildi og markmið sem eru útfærð í aðgerðaráætlun í fimm liðum. Gildi Framvegis eru: **framsækni, fagmennska, árangur, virðing.**



Starfsþróun

Atvinnulífið er í stöðugri þróun, nýsköpun og örar tækniþreytingar kalla á að einstaklingar endurnýji stöðugt þekkingu sína og færni. Framvegis leggur upp úr því að starfsfólk hafi tækifæri til þess að auka hæfni sína og þróast í starfi. Vel upplýst starfsfólk er lykillinn að því að starfsemi miðstöðvarinnar þróist og haldi í við örar þreytingar á vinnumarkaði. Tveir starfsmenn Framvegis hófu diplómanám í jákvæðri sálfræði við Endurmenntun Háskóla Íslands haustið 2021 og útskrifuðust á vorönn 2022. Lokaverkefnið í náminu var námskrá fyrir markhóp framhaldsfræðslunnar sem nefnist Styrkleikastofa.



Önnur starfsemi

Stofuleiga

Boðið er upp á stofuleigu sem hentar vel fyrir fundi, fyrirlestra og námskeið, einnig er hægt að vera með fjarfundi. Hafa ýmsir aðilar nýtt sér þessa þjónustu hjá Framvegis á árinu.

Fagráð sjúkraliða

Tvisvar á ári er fagráð sjúkraliða hjá Framvegis kallað saman til að ráðgast um námsframboð fyrir sjúkraliða. Miðstöðin byggir framboð sjúkraliðanámskeiða á greiningu á fræðsluþörfum sem fer fram í gegnum vinnu með fagráðinu. Fagráðið skipa fulltrúar frá Sjúkraliðafélagi Íslands, Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins, Fjölbrautaskólanum í Ármúla auk sérfræðinga frá Landlæknisembættinu og Landspítala háskólasjúkrahúsi.

Símennt

Framvegis er aðili að Símennt, samtökum fræðslu- og símenntunarmiðstöðva á Íslandi. Rétt til aðildar að samtökunum eiga svæðisbundnar fræðslu- og símenntunarmiðstöðvar á Íslandi sem sinna símenntun og öðrum verkefnum skv. samningum við félags- og vinnumarkaðsráðneytið. Á vegum Símenntar

eru haldnir árlegir vor- og haustfundir þar sem starfsfólk símenntunarmiðstöðvanna ber saman bækur sínar. Símennt stendur vörð um hagsmuni símenntunarmiðstöðvanna og námsmanna þeirra. Stöðvarnar sem eiga aðild að Símennt eru 11 talsins.

Leikn

Leikn er sameiginlegur vettvangur aðila í fullorðinsfræðslu á landinu og málsvari þeirra gagnvart stjórnvöldum. Tilgangur samtakanna er að efla fræðslu fullorðinna á Íslandi. Framvegis á aðild að samtökunum og situr Vigdís Ásmundsdóttir framkvæmdastjóri Framvegis í stjórn Leiknar sem gjaldkeri. Meginstarfsemi samtakanna er að stuðla að virkri umræðu um sí- og endurmenntun, auka upplýsingamiðlun og samskipti og samstarf milli fullorðinsfræðsluaðila og stjórnvalda annarsvegar og efla erlend samskipti á sviði fullorðinsfræðslu hinsvegar. Rétt til aðildar að samtökunum eiga fræðsluaðilar eða frjáls félagasamtök sem hafa það meginhlutverk að bjóða fræðslu fyrir fullorðna, starfa til almannaheilla á samfélagslegum grunni (nonprofit), eru sjálfstæðir rekstraraðilar og starfa utan hins formlega skólakerfis.



Fjarkennsla og stafræn þróun

Markmið Framvegis er að nýta áfram þá tækni-reynslu sem skapaðist í heimsfaraldrinum. Starfsfólk og leiðbeinendur héldu áfram að þróa vinnubrögð og stuðla að fjölþættum kennsluaðferðum til þess að mæta mismunandi þörfum námsmanna og mismunandi námsframboði. Með nýtingu tækninnar og þróun náms á stafrænu formi er starfsemi Framvegis ekki eins bundin landfræðilegum aðstæðum. Árvekni gagnvart fjölbreyttum þörfum einstaklinga og vinnumarkaðarins er lykillinn að framþróun náms á stafrænu formi.



Kynningar- og markaðsmál

Samfélagsleg ábyrgð er einn af þeim þáttum sem Framvegis hefur lagt áherslu á að sinna markvisst undanfarin ár og eru umhverfismál hluti af þeirri vinnu. Ábyrgðin felur í sér að draga úr pappírnotkun og að kynningarefni Framvegis sé á rafrænu formi. Námsframboð sérhverrar annar er kynnt á vefsíðu miðstöðvarinnar ásamt annarri þjónustu sem miðstöðin býður upp á. Námsframboð fyrir sjúkraliða er birt í blaði félagsins, Sjúkraliðanum, fyrir hverja önn í samvinnu við Sjúkraliðafélag Íslands og Gott að vita námskeiðin, sem unnin eru í samvinnu við Sameyki, eru birt í blaði stéttarfélagsins í upphafi annar og á heimasíðu félagsins. Auglýsingar voru birtar í fréttablöðum Sameykis en einnig var birt auglýsing aftan á vaktadagbók Sjúkraliðafélags Íslands eins og undanfarin ár. Gerður var

samningur við auglýsingastofu um hönnun á fjölnota auglýsingaefni og áætlun um birtingar á samfélagsmiðlum miðstöðvarinnar. Framvegis birti kynningarefni og fréttir af starfinu á Facebook síðu og á Instagram síðu miðstöðvarinnar. Framvegis tók einnig þátt í þeim viðburðum sem þykja henta til að nálgast markhóp framhaldsfræðslunnar hverju sinni sem og aðra markhópa miðstöðvarinnar.

Framvegis átti 20 ára starfsafmæli árið 2021 en vegna aðstæðna það ár gafst ekki færi á að halda upp á tímamótin og var það því gert á haustmánuðum 2022. Öllum samstarfsaðilum miðstöðvarinnar var boðið til gleðskapar í nýju húsnæði Framvegis að Borgartúni 20. Góður rómur var gerður að veisluhöldum sem og að hlýlegu og fallegu húsnæði miðstöðvarinnar.



Ársreikningur 2022

FRAMVEGIS

● ● ● ● Miðstöð símenntunar

Rekstrarreikningur ársins 2022

	Skýr.	2022	2021
Rekstrartekjur			
Tekjur		168.663.276	135.756.242
		<u>168.663.276</u>	<u>135.756.242</u>
Rekstrargjöld			
Námskeiða- og kennslukostnaður		64.833.484	58.167.258
Laun og launatengd gjöld		54.046.846	49.183.238
Húsnæðiskostnaður		14.612.601	9.776.171
Annar rekstrarkostnaður		13.448.459	10.523.580
Afskriftir	9	1.922.836	2.047.808
		<u>148.864.226</u>	<u>129.698.055</u>
Rekstrarafkoma fyrir fjármagnsliði		19.799.050	6.058.187
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	6	<u>794.798</u>	<u>11.868</u>
Afkoma ársins		<u>20.593.848</u>	<u>6.070.055</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2022

Eignir	Skýr	2022	2021
Fastafjármunir	9		
Varanlegir rekstrarfjármunir:			
Áhöld og tæki		7.636.927	7.788.137
Hugbúnaður		939.181	1.173.976
Fastafjármunir alls		<u>8.576.108</u>	<u>8.962.113</u>
Veltufjármunir			
Viðskiptakröfur	4	15.483.221	8.678.668
Aðrar skammtímakröfur		2.600.000	2.600.000
Handbært fé	8	89.392.019	83.926.937
Veltufjármunir alls		<u>107.475.240</u>	<u>95.205.605</u>
Eignir samtals		<u><u>116.051.348</u></u>	<u><u>104.167.718</u></u>

Eigið fé og skuldir 31. desember 2022

Eigið fé og skuldir	Skýr	2022	2021
Eigið fé	10		
Hlutfé		5.202.000	5.202.000
Lögbundinn varasjóður		1.300.500	1.300.500
Óráðstafað eigið fé		100.787.247	80.193.399
Eigið fé alls		<u>107.289.747</u>	<u>86.695.899</u>
Skammtímaskuldir			
Viðskiptaskuldir	11	2.109.711	13.034.598
Ógreidd laun og launatengd gjöld		6.651.890	4.437.221
Skammtímaskuldir alls		<u>8.761.601</u>	<u>17.471.819</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u>116.051.348</u>	<u>104.167.718</u>

Sjóðstreymi ársins 2022

	Skýr	2022	2021
Rekstrarhreyfingar			
Hagnaður ársins		20.593.848	6.070.055
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir	9	1.922.836	2.047.808
Veltufé frá rekstri		<u>22.516.684</u>	<u>8.117.863</u>
 Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:			
Skammtíma kröfur, lækkun (hækkun)		(6.804.553)	(1.872.139)
Skammtíma skuldir, (lækkun) hækkun		<u>(8.710.218)</u>	<u>10.597.519</u>
		<u>(15.514.771)</u>	<u>8.725.380</u>
Handbært fé frá rekstri		<u>7.001.913</u>	<u>16.843.243</u>
 Fjárfestingahreyfingar			
Kaupverð fastafjármuna	9	<u>(1.536.831)</u>	<u>(6.020.682)</u>
		<u>(1.536.831)</u>	<u>(6.020.682)</u>
 Breyting á handbæru fé	8	<u>5.465.082</u>	<u>10.822.561</u>
Handbært fé í byrjun tímabils		83.926.937	73.104.376
Handbært fé í árslok		<u><u>89.392.019</u></u>	<u><u>83.926.937</u></u>